

Mánudaginn 6. júní 1983.

Nr. 110/1981. **Valur Vilhjálms**

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

gegn

**Ragnari Halldóri Hall, skiptaráðanda
í Reykjavík f. h. Þarotabús Þryms h/f**

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Gjaldprotaskipti. Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 30. apríl 1981. Hann krefst þess, að krafa sín að fjárhæð 14.380.20 krónur verði viðurkennd sem forgangskrafa í þrotabú Þryms h/f. Hann krefst einnig málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Á skiptafundi í þrotabúi Þryms h/f 10. febrúar 1981 kom fram, að Eiríkur Tómasson héraðsdómslögmaður hefði verið ráðinn bústjóri til bráðabirgða, sbr. 86. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Lögmaðurinn var síðan kosinn skiptastjóri á fundi þessum, sbr. 1. mgr. 90. gr. nefndra laga. Samkvæmt 1. mgr. 91. gr. sömu laga skal skiptastjóri vera umboðsmaður búsins fyrir dómstólum. Bar því að stefna honum fyrir Hæstarétt í máli þessu f. h. þrotabúsins, en ekki aðeins skiptaráðanda samkvæmt 1. gr. laga nr. 19/1895. Þar sem það var ekki gert, ber að vísa málinu ex officio frá Hæstarétti.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Ég er ósammála meiri hlutanum í því að vísa máli þessu frá Hæstarétti, þar eð ég tel, að dæma meg það að efni til. Gjaldþrota-

lög nr. 6/1978 fella ekki úr gildi lög nr. 19/1895 um stefnur til æðri dóms í skiptamálum. Tel ég því nægilegt að stefna skiptaráðanda f. h. þrotabúsins, enda er hagsmunum kröfuhafa borgið með því. Verður því ekki talið, að réttarfarsnauðsynjar bjóði, að skiptastjóra sé einnig stefnt f. h. þrotabúsins, enda er valdsvið hans undir skiptaráðanda og hans eftirlit sett. En úr því að meiri hlutinn vill vísa málinu frá Hæstarétti, kemur eigi til þess, að ég lúki efnisdómi á málið.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 20. mars 1981.

Mál þetta var tekið til úrskurðar fyrr í dag.

Með úrskurði, uppkveðnum 13, október 1980, var bú Þryms h/f, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Innköllun til skuldheimtumanna birtist fyrra sinni í Lögbirtingablaði, sem út kom 5. nóvember sama ár.

Sóknaraðili, Valur Vilhjálmsson, Barmahlíð 56, Reykjavík, hefur með bréfi, dagsettu 25. nóvember 1980, lýst kröfu í búið. Segir m. a. í kröfulýsingu hans:

„. . . Krafan grundvallast á dómi bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 5945/1980 Valur Vilhjálmsson gegn Vélsmiðjunni Þrym h/f, en mál þetta var höfðað til staðfestingar á lögaldi, sem fram fór þann 22. apríl s.l. til tryggingar kröfu þessari.

Dómsorðið hljóðar svo:

„Framangreint lögald er staðfest fyrir dómkröfu.

Stefndi vélsmiðjan Þrymur h/f greiði stefnanda, Vali Vilhjálmssyni, kr. 450.032.- með 31% ársvöxtum frá 1. maí 1980 til greiðsludags og kr. 101.000.- í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.“

Til viðbótar dómkröfu þeirri, sem hér er lýst, er krafist launa vegna uppsagnarfrests, en réttur Vals er til launa í uppsagnarfresti í 3 mánuði. Hér er gerð krafa um laun í uppsagnarfresti tímabilið frá 30. apríl 1980, er hann hættir störfum, og til 32. júlí 1980, og nemur sú krafa kr. 1.888.054.-. Kröfu þessari er nánar lýst í meðfylgjandi bréfi Vals Vilhjálmssonar.

Gerð er krafa til vaxtagreiðslu, eins og í bréfinu er lýst.

Auk þess er hér með krafist greiðslu á málskostnaði kr. 101.000.- innheimtukostnaði vegna síðari hluta kröfu kr. 208.052.- og vegna móts í skiptarétti kr. 19.000.-, allt samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Launakröfu þessari er lýst í gjaldþrotabúið sem forgangskröfu . . .“

Skiptaráðandi ritaði sóknaraðilja bréf hinn 9. febrúar 1981, þar sem honum er tilkynnt, að skiptaráðandi hafi tekið þá afstöðu til kröfunnar, að hafna beri viðurkenningu kröfunnar vegna kr. 4.500.35 og að hafna

beri viðurkenningu hennar að svo stöddu hvað varðar kr. 14.380.20. Jafnframt er í bréfi þessu tekið fram, að til þess að vaxtakrafa komi til álita á kröfuskrá, þurfi að greina fjárhæð hennar á upphafsdegi skipta. Var sóknaraðilja gefinn frestur til að bæta úr eða rökstyðja frekar kröfur sínar til 20. sama mánaðar. Áður, eða með bréfi, dagsettu 4. febrúar 1981, hafði sóknaraðilja verið tilkynnt, að á skiptafundi 27. sama mánaðar yrði tekin endanleg afstaða til lýstra krafna.

Hinn 10. febrúar barst frá lögmanni sóknaraðilja bréf varðandi vaxtakröfur umbjóðenda hans. Þar segir m. a.: „ . . . Hér með sendast yður upplýsingar um upphæð vaxtakrafna hinn 13. október við upphaf skipta í þrotabúi Vélsmiðjunnar Þryms h.f. hjá eftirgreindum kröfuhöfum . . . Valur Vilhjálmsson, vextir gkr. 181.202, löghaldskostn. gkr. 7.028 . . . “

Önnur gögn bárust skiptaráðanda ekki fyrir 20. febrúar 1981 varðandi kröfu sóknaraðilja.

Skrá yfir lýstar kröfur, gerð samkvæmt 108. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, var lögð fram á skiptafundi 27. febrúar 1981. Var framangreind afstaða skiptaráðanda til kröfugerðar sóknaraðilja þar tilgreind óbreytt frá því, sem sóknaraðilja hafði verið áður tilkynnt um. Voru þá af hálfu sóknaraðilja lögð fram ný gögn varðandi þann þátt kröfugerðar hans, sem skiptaráðandi hafði að svo stöddu ekki fallist á, að tekinn skyldi til greina, og þess um leið krafist, að margnefnd krafa um, að laun sóknaraðilja í uppsagnarfresti verði með úrskurði tekin til greina sem forgangskrafa. Af hálfu annarra kröfuhafa sem mættir voru á fundinum, var kröfugerð sóknaraðilja ekki andmælt, og eru engar kröfur gerðar í málinu af hálfu varnaraðilja.

Leggja verður úrskurð á mál þetta samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 eftir framlögðum skjölum og skilríkjum og málsútlistun sóknaraðilja.

Með upphaflegri kröfulýsingu sóknaraðilja fylgdi skýrsla hans sjálfs, þar sem fram kemur, hvernig umræddar fjárhæðir eru reiknaðar. Segir þar um kröfu þá, sem hér er til úrlausnar:

„. . . Launakröfur mínar eru því eftirfarandi: . . .

Laun fyrir vikurnar:

30. apríl til 6. maí 1980		kr.	93.750
7. maí til 13. maí 1980		—	93.750
14. maí til 20. maí 1980		—	93.750
21. maí til 27. maí 1980		—	93.750
28. maí til 3. júní 1980		—	93.750

(Hinn 1. júní verður 11.7% hækkun launa).

4. júní til 10. júní 1980	kr. 104.719	
11. júní til 17. júní 1980	—	104.719
18. júní til 24. júní 1980	—	104.719
25. júní til 1. júlí 1980	—	104.719
2. júlí til 8. júlí 1980	—	104.719
9. júlí til 15. júlí 1980	—	104.719
16. júlí til 22. júlí 1980	—	104.719
23. júlí til 29. júlí 1980	—	104.719
30. júlí til 31. júlí 1980	—	20.944 kr. 1.327.446
Orlof frá 1-05-80 til 31. júlí 80	—	110.576

...

Auk þess geri ég til þess kröfu, að ég fái vexti á laun mín frá gjalddaga hvernar viku til þess dags, er mér verður greitt að fullu inneign launa.“

Auk skýrslu þessarar fylgdi kröfulýsingunni vottorð Tæknimiðstöðvarinnar h/f þess efnis, að sóknaraðili hafi byrjað þar störf 1. ágúst 1980.

Þau gögn, sem af hálfu sóknaraðilja voru lögð fram á skiptafundinum 27. febrúar, eru ljósrit launaseðla til sóknaraðilja frá Þrym h/f.

Samkvæmt launaseðlunum frá Þrym h/f hefur sóknaraðili fengið eða átt að fá greidd laun vikulega. Ekki kemur þar fram, hvernig fjárhæð launa er fundin, heldur er þar einungis greint nafn launþegans og fjárhæð viku-kaupsins.

Engin gögn hafa verið lögð fram í málinu um, hver launakjör sóknaraðilja voru, meðan hann starfaði hjá Þrym h/f, hvorki kjarasamningur, ráðningarsamningur né neitt annað, er styður einhliða fullyrðingu hans um, að honum beri laun fyrir uppsagnarfrest af eignum búðsins. Er af þeirri ástæðu eigi unnt að fallast á kröfugerð hans í máli þessu.

Ragnar Halldór Hall borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðilja, Vals Vilhjálmssonar, í máli þessu er hafnað.